

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 94/2001**

**frá 13. júlí 2001**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2001 frá 19. júní 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/9/EB frá 12. febrúar 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/96/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/11/EB frá 14. febrúar 2001 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/96/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra þar með talið eftirlit með virkni hraðatakörkunarbúnaðar fyrir atvinnuökutæki<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í fyrsta undirlið í lið 16a (tilskipun ráðsins 96/96/EB) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„- **32001 L 0009:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/9/EB frá 12. febrúar 2001 (Stjtið. EB L 48, 17.2.2001, bls. 18),

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 48, 17.2.2001, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 48, 17.2.2001, bls. 20.

- **32001 L 0011:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/11/EB frá 12. febrúar 2001 (Stjtíð. EB L 48, 17.2.2001, bls. 20).“

2. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2001/9/EB og 2001/11/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

